

# Fundargerð 929. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, föstudaginn 9. júní kl. 17:30 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fer hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Sigrún Sverrisdóttir, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Sunna Hlín Jóhannesdóttir.

Guðmundur Ari Sigurjónsson boðaði forföll og sat Sigrún Sverrisdóttir varafulltrúi hans fundinn í hans fjarveru.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri, Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Staða kjaraviðræðna við bæjarstarfsmannafélög BSRB - 2301032SA**

Formaður, framkvæmdastjóri og sviðsstjóri kjarasviðs, gerðu grein fyrir stöðu mála í samningaviðræðum við BSRB.

*Stjórn sambandsins þakkar fyrir upplýsingarnar og felur samninganefnd sambandsins að vinna málið áfram á grundvelli þess sem var rætt á fundinum.*

Fundi var slitið kl. 18:00